

VIÐAUKI II VIÐ SKÝRSLU TILNEFNINGARNEFNDAR REITA FASTEIGNAFÉLAGS HF. TIL AÐALFUNDAR 2026

Skýrsla Tilnefningarnefndar Reita fasteignafélags hf. (Reita) var birt 3. mars s.l. þar sem nefndin lagði til að eftirtalin yrðu kjörin í stjórn Reita á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 25. mars 2026:

- Anna Kristín Pálsdóttir
- Árni Sigurjónsson
- Elín Árnadóttir
- Guðmundur Ingi Jónsson
- Kristinn Albertsson

Eftir birtingu skýrslunnar dró Guðmundur Ingi Jónsson framboð sitt til baka. Í viðaukaskýrslu nefndarinnar sem var birt 16. mars lagði nefndin til að Davíð Þorláksson yrði kjörinn í stjórn Reita í stað Guðmundar Inga. Vegna persónulegra aðstæðna mun Davíð ekki geta tekið sæti í stjórn Reita og leggur nefndin til, að í stað Guðmundar Inga, verði Pálmar Óli Magnússon kjörinn í stjórn Reita á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 25. mars 2026. Við mat sitt horfði nefndin sérstaklega til samsetningar stjórnar. Eftirfarandi eru upplýsingar um Pálmar Óla:

Pálmar Óli Magnússon:

Hann er fæddur 1966 og hefur ekki áður átt sæti í stjórn Reita. Pálmar er verkfræðingur (MSc) frá KIT í Karlsruhe og viðskiptafræðingur (MBA) frá Háskóla Íslands. Hann var forstjóri hjá Dagar hf 2019 – 2025, forstjóri Samskip hf. 2014 – 2019, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs hjá Landsvirkjun 2011 – 2014 og framkvæmdastjóri hjá Samskip 1998 – 2011. Á árunum 1990 – 1998 starfaði Pálmar við verkfræðiráðgjöf, hönnun og eftirlit með framkvæmdum. Pálmar hefur gengt ýmsum trúnaðarstörfum á vettvangi Samtaka Atvinnulífsins og setið í fjölda stjórna í tengslum við störf sín innanlands og erlendis. Hann sat í stjórn Birtu lífeyrissjóðs 2018 – 2024 og situr nú í stjórn Ísorku ehf.

Víðtæk reynsla Pálmars af rekstri, þróun, umbótum og af innleiðingu stórra fjárfestingaverkefna er talin til þess fallin að styrkja stjórn Reita til framtíðar.

Nafn: Pálmar Óli Magnússon

Önnur stjórnarstörf: Ísorka ehf.

Hlutfjáreign í Reitum: 0 hlutir

Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins, helstu samkeppnisaðila félagsins og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu eru engin og frambjóðandi lýsir því yfir að hann telur sig óháðan félaginu samkvæmt skilyrðum í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Tilnefningarnefnd Reita fasteignafélags hf.

18. mars 2026

Auður Ósk Þórisdóttir

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Hilmar Garðar Hjaltason

(sjá rafrænar undirritanir neðst í skjali)